

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar.

1. gr.

Á árinu 1982, er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum, en hér segir: 100 sandreyðar, 194 langreyðar, 87 búrhvali og 200 hrefnur.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. apríl 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 154.

25. mars 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur verið ákveðið að eftirtaldar götur verði aðalbrautir:

1. Stjörnugróf, þó þannig að umferð um hana viki fyrir umferð um Bústaðaveg.
2. Sá hluti Hraunbæjar, sem er á milli Bæjarháls og Rofabæjar, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um síðarnefndu göturnar.
3. Dverghöfði, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um Breiðhöfða og Höfðabakka.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. apríl 1982.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. mars 1982.

Sigurjón Sigurðsson

Nr. 155.

1. mars 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Rangárvallahreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Rangárvallahrepps, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Rangárvallahreppi: